

Heimastjórn Arnarfjarðar - 5 (13.11.2024) - Umferðarreglur í Vesturbyggð, í þéttbýli

Málsnúmer : 2410124
Málsaðili : Vesturbyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 13.11.2024

Inngangur : Umhverfis- og framkvæmdasvið leggur fram tillögu um lækkun umferðarhraða innan þéttbýlis á Bíldudal.
Niðurstaða : Umhverfis- og framkvæmdasvið leggur fram tillögu um að umferðarhraði innan þéttbýlis á Bíldudal verði lækkaður úr 35km/klst í 30km/klst.

Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkir tillöguna samhljóða.

Heimastjórn Arnarfjarðar vekur einnig athygli á slæmu ástandi í götunni Lönguhlíð þar sem ástand götunnar leyfir ekki almennan aksturshraða. Heimastjórn leggur til við bæjarráð að skoðað verði hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að gatan verði skilgreind sem vistgata með 15 km hámarkshraða vegna þrengsla í götunni og til að tryggja öryggi vegfarenda. Jafnframt er brýnt að huga að viðhaldi götunnar sem allra fyrst.

Samþykkt samhljóða.